

úr sparisjóðsbók á nafni sóknaraðilja. Þá er og upplýst með vottorðinu á rskj. 15, að Ólafur Jónsson hefur hinn 20. júní 1950 borgað bæjarsjóði kr. 20 þúsund vegna kaupa á íbúð á Bústaðavegi 67. Það er þó engan veginn sannað, að hið úttekna sparifé hafi gengið til þessarar greiðslu til bæjarsjóðs.

Sóknaraðilja og Ólafi Jónssyni ber saman um það, að engin skrifleg viðurkenning eða önnur slík skilríki séu til um kröfu þessa. Enn fremur hafa þau hvorugt talið hana fram til skatts. Styður sóknaraðili kröfugerð sína í máli þessu aðeins við eigin staðhæfingu og yfirlýsingu Ólafs Jónssonar.

Gegn eindregnum mótmælum varnaraðilja Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur þykir þegar af þeirri ástæðu ekki fært að úrskurða félagsbúið til þess að greiða þessa kröfu sóknaraðilja.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Fjárkrafa sóknaraðilja, Valgerðar Valdimarsdóttur, verður ekki tekin til greina. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 30. nóvember 1961.

Nr. 143/1960. **Lárus Salómonsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Herði Ólafssyni (sjálfur).

Dómenður:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr
og Theodór B. Lindal.**

Þóknun málflutningsmanns fyrir lögfræðilega aðstoð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1960. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 13.139.34 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. ágúst 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi.

1. Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og kemur því ekki til álita hér fyrir dómi ágreiningsefni aðilja í héraði um skuldabréf það, sem stefndi tók við úr höndum Grettis Lárussonar, þá að eftirstöðvum kr. 14.000.00. Stendur óhögguguð sú úrlausn héraðsdóms, að stefndi greiði áfrýjanda vegna viðtöku bréfs þessa og innheimtu skuldarinnar kr. 3000.00.

2. Eins og í héraðsdómi greinir, nam lánveiting stefnda til Grettis Lárussonar hinn 22. ágúst 1956 tölulega kr. 74.000.00, en greiðsla, sem stefndi innti af hendi, nam kr. 59.000.00. Aðiljar eru hér fyrir dómi sammála um, að af mismuninum, kr. 15.000.00, hafi stefnda borið að fá sem forvexti af láninu kr. 1985.66. Eftirstöðvarnar, kr. 13.014.34, telur stefndi sér bera sem þóknun fyrir ýmsa lögfræðilega aðstoð við þá áfrýjanda og Gretti son hans á tímabilinu frá því um miðjan ágúst 1956 og fram í janúar 1957. Áfrýjandi kannast við, að stefndi hafi innt störf af höndum fyrir þá feðga á nefndu tímabili, en telur þau hæfilega goldin með kr. 2875.00. Ber því hér á milli um fjárhæð, sem nemur kr. 10.139.34. Gegn andmælum áfrýjanda er ósannað, að hann hafi lofað stefnda nokkurri tiltekinni fjárhæð í þessu skyni. Eins og aðstöðu Grettis og samskiptum aðilja í heild var háttað, verður ekki talið, að krafa áfrýjanda hafi fallið niður vegna tómlætis.

Af gögnum málsins, þar á meðal aðiljaskýrslum, má ráða, að stefndi hafi veitt þeim áfrýjanda og Gretti syni hans ýmsa fyrirgreiðslu á fyrrgreindu tímabili og að þeir hafi oft til hans leitað. Sum atriði málsins eru þó óljós, enda hefur stefndi ekki, þrátt fyrir tilefni í úrskurði héraðsdómara, uppkveðnum 22. apríl 1960, lagt fram í málinu sunduliðaða skýrslu um störf sín í þágu þeirra feðganna, og verður að hafa það í huga við mat á þóknun honum til handa. Þykir þóknunin hæfilega ákveðin kr. 10.000.00. Svo sem áður segir, hélt stefndi eftir af láninu í þessu skyni kr. 13.014.34, og ber honum því að greiða áfrýjanda samkvæmt þessum tölulið kr. 3014.34.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt 1. og 2. tölulið

sú, að stefnda verður dæmt að greiða áfrýjanda kr. 6014.34 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. ágúst 1956 til greiðsludags. Þá verður stefnda og dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Ólafsson, greiði áfrýjanda, Lárusi Salómonssyni, kr. 6014.34 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. ágúst 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. maí 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. apríl, hefur Lárus Salómonsson lögregluþjónn, Kársnesbraut 90 í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 8. apríl 1958, gegn Herði Ólafssyni, héraðsdómslögmanni í Reykjavík. Krefst stefnandi greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 13.139.34, með 6% vöxtum p.a. frá 22. ágúst 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 1.000.00. Þá krefst hann málskostnaðar, en til vara, að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda er krafa hans nánar skýrð þannig, að af skuldinni séu kr. 10.139.34 vegna vanskila á 74.000.00 kr. víxilláni, sem stefndi veitti Gretti Lárussyni, syni stefnanda, en kr. 3.000.00 vegna vanskila á andvirði skuldabréfs, sem stefndi hafi haft til innheimtu fyrir Gretti. Fram hefur verið lagður í máli þessu reikningur frá Gretti til stefnda fyri þessum upphæðum, og er á hann ritað framsal til stefnanda.

Víxilandvirðið. Í ágúst 1956 komst Grettir Lárusson, sem hafði í huga að kaupa bifreið til að stunda leiguakstur, í samband við mann, að nafni Gunnar Scheving Sigurðsson, sem selja vildi fólksbifreiðina R 5750 af gerðinni Pontiac, smíðaaár 1955. Ekki hafði Grettir nægilegt fé til kaupanna, og leitaði hann eftir láni. Kom þar, að hann hafði samband við stefnda, og varð úr, að hann gaf Gretti kost á láni. Skyldi Grettir gefa út víxla, en faðir hans, stefnandi í máli þessu, samþykkja þá og veita veð í húsi sínu við Kársnesbraut þeim til tryggingar.

Stefndi heldur því fram, að Grettir Lárusson hafi, áður en bifreiðarkaupin voru gerð, samið svo um við stefnda, að hann skyldi fá kr. 15.000.00 fyrir þá þjónustu, sem hann lét í té. Grettir kveðst hins vegar ekki minnst þess, að rætt hafi verið um þóknun stefnda, og kveður áreiðanlegt, að ekki hafi nein upphæð verið tilgreind.

Stefnandi og stefndi ræddust við símleiðis, áður en kaupin gerðust, en stefnandi var um þessar mundir við lögreglustörf á Húsavík. Segir stefndi, að í símtalinu hafi hann tilgreint þóknun þá, sem hann hafði áskilið sér, og kveður hann stefnanda hafa talið hana sanngjarna, enda hafi í símtalinu verið um það rætt, að stefndi hefði eftirlit með fjármálum Grettis eftir þetta og tæki við fé frá honum upp í víxilskuldina til stefnda, jafnóðum og Grettir ynni sér það inn með akstri. Bæði stefnandi og Grettir sonur hans neita því, að komið hafi til tals fyrr en seinna um haustið, að stefndi veitti viðtöku tekjum af akstri Grettis, og stefnandi neitar því einnig, að í símtalinu hafi verið rætt um þóknun til stefnda, og því síður hafi verið nefnd upphæð hennar. Skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi spurt stefnda, hvort Grettir gæti staðizt bifreiðarkaupin, og stefndi játað því. Þá kveðst stefnandi hafa spurt, með hvaða kjörum stefndi veitti víxillánið, og segir hann, að stefndi hafi svarað, að kjörin væru ekki sem verst.

Stefndi segir þóknun þá, sem hann kveður hafa verið um samið, hafa verið fyrir aðstoð við bifreiðarkaupin. Hafi hann í því sambandi kannað atvinnuhorfur bifreiðastjóra með viðtölum við menn í stéttinni, átt viðræður við starfsmenn Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f um veðskuld, sem á bifreiðinni hvíldi, rætt við mann, sem gerðist ábyrgðarmaður víxilskuldar Grettis Lárussonar við seljanda bifreiðarinnar, séð um gerð ýmissa skjala (tryggingarbréfa, víxla og auk þess orðað umboð það, sem stefnandi sendi honum) og verið Gretti á annan hátt til aðstoðar við kaupin á bifreiðinni. Þá kveðst stefndi hafa tekið að sér eftirlit með fjármálum Grettis, eins og fyrr greinir, og hafi verið um það rætt, að hann tæki við fé frá honum allt að því daglega og fylgdist með honum í um það bil eitt ár.

Við munnlegan málflutning 6. apríl s.l. ræddi stefndi nánar um þessi atriði og kvað þóknun þá, sem hann segir, að um hafi verið samið, hafa verið miðaða við þjónustu hans, eins og þá mátti ætla, að hún yrði. Kveðst hann hafa reiknað sér 5% af kaupverði bifreiðarinnar, sem stefndi og Grettir eru sammála

um, að hafi verið kr. 140.000.00, fyrir aðstoð við kaupin. Hafi þá ekki verið ákvæði í gjaldskrá Lögmannafélags Íslands um þóknun fyrir aðstoð við kaup á lausafé, en hins vegar ákvæði um 5% þóknun fyrir aðstoð við sölu lausafjár. Við þetta hafi síðan bætzt forvextir af víxilláninu, og kveðst stefndi hafa talið það, sem eftir er, hæfilega þóknun fyrir eftirlitið með fjármálum Grettis og fyrir útlagðan kostnað.

Af hálfu stefnanda hefur skýrslum stefnda um, hvaða þjónustu hann hafi látið í té í sambandi við sjálf bifreiðarkaupin, verið mótmælt sem röngum og einnig sem of seint fram komnum, að því er varðar það, sem fram kom við munnlegan málflutning 6. apríl. Hefur því af hálfu stefnanda verið haldið fram, að stefndi hafi átt að leggja fram þegar í upphafi sundurliðaðan reikning. Þegar mál þetta var að undangengnum úrskurði endurupptekið til frekari gagnaöflunar, kom stefnandi fyrir dóm. Hann kvað stefnda hafa brugðizt skyldu sinni við bifreiðarkaupin með því að sjá ekki til þess, að með í kaupunum fylgdu tryggingar, sem þá hafði verið greitt fyrir, en þess hefði hann óskað, með því að láta viðgangast, að kaupverð bifreiðarinnar væri í kaupsamningi ranglega tilgreint kr. 115.000.00 svo og með því að sjá ekki til þess, að stefnandi fengi tryggingu í bifreiðinni vegna þeirrar ábyrgðar, er hann gekkst undir fyrir son sinn. Stefndi heldur því fram, að samið hafi verið um tiltekna upphæð fyrir ákveðna þjónustu, áður en hún var veitt, og hafi sér því verið óskýlt að halda til haga gögnum um hvaðeina, sem hann gerði í þágu Grettis Lárussonar, eða að leggja fram í máli þessu nánari sundurliðun en að framan er komin fram.

Í hinum munnlega málflutningi 6. apríl hélt stefndi því fram, varðandi sjálf kaupin, að Grettir Lárusson hefði þá farið með sér upp í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og séð sig taka út fé það, kr. 59.000.00, sem hann hafi greitt til seljanda bifreiðarinnar af víxilláninu. Grettir skýrði síðar svo frá fyrir dómi, að dag þann, sem kaupin gerðust, hafi hann farið í sparisjóðinn ásamt stefnda og seljanda bifreiðarinnar. Þar hafi stefndi tekið út fé, kr. 59.000.00, að því er Grettir telur, og haft þær með sér á málflutningsskrifstofu Einars Gunnars Einarssonar héraðsdómslögmanns, en þar var kaupsamningurinn undirritaður. Kveðst Grettir hafa brugðið sér út í bæ, en séð féð í höndum seljandans, þegar hann kom aftur. Eftir þetta fékk Grettir bifreiðina og hóf akstur.

Grettir hefur sagt fyrir dómi, að hann hafi ekki gert sér

grein fyrir, hvað var að gerast í sambandi við bílkaupin. Kvað hann hug sinn hafa stefnt til að fá bifreiðina og hefði hann treyst stefnda.

Það er komið fram í máli þessu, að stefnandi kom norðan frá Húsavík 1. september. Skömmu síðar áttu aðiljar máls þessa tal saman um bifreiðakaup Grettis og aðstoð stefnda í því sambandi. Á næstu mánuðum ræddu þeir oft sinnis um mál Grettis, og auk þess ræddu þeir við hann sjálfan. Nokkru eftir að aðiljar ræddust fyrst við hér í bænum, fékk stefndi í hendur 9.000.00 kr., sem hann skyldi varðveita fyrir stefnanda. Síðar fékk stefnandi ednurgreiddar 1.000.00 kr. af þessu fé. Ekki var í upphafi tekin ákvörðun um, að upphæðin yrði notuð til að greiða hluta af víxilskuldinni við stefnda.

Þá er fram komið í málinu, að í október um haustið er Grettir tekinn að borga til stefnda af tekjum sínum af akstri. Þegar fyrri víxillinn, sem stefndi átti, féll í gjalddaga 22. nóvember, hafði Grettir greitt sjö sinnum af ökutekjum sínum, alls kr. 7.400.00, og í desember greiddi hann tvívegis af ökulaununum, svo að innborganir af þeim námu þá alls kr. 8.900.00. Í desember kom hann einnig til stefnda með skuldabréf það, sem um getur í síðari hluta þessa dóms.

Tilraunir þær, sem aðiljar máls þessa gerðu til að fá Gretti til að greiða, gengu ekki eins vel og til var ætlað. Hinn 28. desember var bifreið Grettis kyrrsett eftir beiðni stefnda til tryggingar eftirstöðvum víxilsins, sem féll í gjalddaga 22. nóvember, og voru eftirstöðvarnar sagðar kr. 26.100.00. Kyrrsetningin var gerð í samráði við stefnanda, að hans sögn til að skapa Gretti aðhald, en stefnandi telur nú, að stefndi hafi sagt sér rangt til um hag Grettis, talið hann verr stæðan en rétt var, og auk þess vanrækt að draga frá víxilfjárhæðinni fyrrnefndar 8.000.00 kr. frá stefnanda.

Þá telur stefnandi, að stefndi hafi með ýmsu móti unnið gegn hagsmunum þeirra feðga eftir þetta, og segist hafa hætt að líta á hann sem trúnaðarmann þeirra um miðjan janúar 1957, en þá kveðst stefnandi í fyrsta skipti hafa kynnt sér til hlítar gerðir stefnda, varðandi bifreiðarkaupin, og það, sem af þeim spratt.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi gefið villandi upplýsingar um fjárhag Grettis og kveðst ekki hafa lofað að vinna önnur störf, eftir að bifreiðarkaupin fóru fram, en þau að hafa eftirlit

með fjárhag Grettis á þann hátt að taka við frá honum tekjum af akstri, enda hafi sér frá upphafi verið ljóst, að hagsmunir þeirra færu ekki saman, ef vanskil yrðu. Hafi hann því ekki brugðizt skyldum sínum. Þá hélt stefndi því fram í hinum munnlega málflutningi, að stefnandi hefði kynnt sér hag Grettis þegar í september. Fram er komið í málinu, að Grettir fékk kvittanir fyrir innborgunum þeim af ökulaunum, sem hann greiddi til stefnda. Þá virðist og mega ráða af skjölum málsins, að hann hafi haft í höndum skjöl um önnur atriði viðskipta þeirra stefnda. Þó ekki kvittun fyrir þóknunir stefnda, enda virðist engin slík kvittun hafa verið gefin.

Af hálfu stefnanda er stefnukrafan, að því er varðar víxil- andvirðið, rökstudd þannig, að stefnda hafi borið að standa skil á öllu víxilandvirðinu til Grettis Lárussonar, þó að frádregnum forvöxtum af víxlunum, sem Grettir hefur talið að hafi átt að vera kr. 1.985.66, og þóknun, sem hann telur að sé hæfilega metin kr. 2.875.00. Þegar þessir liðir eru dregnir frá fyrrgreindum 15.000.00 kr., fást kr. 10.139.34. Umboðsmaður stefnanda byggði málflutning sinn á því, að ekki hefði verið samið um þóknunina til stefnda, honum ekki greidd hún og væri hér því ekki um endurheimtu að ræða. Rökstuddi hann það með því, að Grettir Lárusson hefði ekki fengið í hendur neitt af víxil- andvirðinu, heldur hefði stefndi aðeins greitt 59.000.00 kr. af því beint til seljanda bifreiðarinnar. Í greinargerð umboðsmannsins segir, að frá þessu hafi stefndi ekki sagt Gretti og hann ekki áttað sig á því, enda með öllu óvanur viðskiptum.

Stefndi krefst sýknu á þeim grundvelli, að um ákveðna þóknun hafi verið samið og þeim Gretti og föður hans jafnan verið ljóst, hvernig viðskiptin fóru fram að þessu leyti, og þeir samþykkt þóknunina með samþykki og útgáfu víxils. Þá telur stefndi, að mótmæli gegn því, að samið hafi verið um 15.000.00 kr. þóknun, séu of seint fram komin svo og endurgreiðslukrafan, sem á þeim byggist.

Það er fram komið í máli þessu, að Grettir Lárusson gaf út og framseldi víxla, að upphæð kr. 74.000.00, vegna láns frá stefnda. Af andvirði þeirra greiddi stefndi aðeins kr. 59.000.00, og fylgdist Grettir með, hvernig sú greiðsla fór fram. Fram er komið, að víxilskuldin er greidd, og er því hér um að ræða kröfu um endurheimtu fjár. Þar sem ekki hefur fengizt samræmi í skýrslur stefnda annars vegar og stefnanda og Grettis

sonar hans hins vegar um það, hvort samið hafi verið um þóknun stefnda, þykir vegna víxilútgáfunnar verða að leggja skýrslu stefnda til grundvallar um þetta atriði.

Stefna í máli þessu var birt 8. apríl 1958, og innheimtubréf frá lögmanni stefnanda, sem hann hefur lagt fram, er dagsett 29. marz s. á. Stefnandi í málinu hefur borið, að hann hafi komið á snoðir um eðli viðskiptanna um bifreiðina í janúar 1957, og í þeim mánuði kærir hann stefnda fyrir sakadómi og segir í því sambandi, að hann þurfi að biðja um skýringu á víxilláninu. Grettir sonur hans virðist, sem fyrr segir, jafnan hafa haft í höndum gögn um viðskiptin, og honum var kunnugt um, að seljandi bifreiðarinnar fékk aðeins 59.000.00 kr. af víxilláninu. Ýmis mál út af viðskiptunum hófust á fyrri hluta árs 1957. Verður því að telja, að Grettir Lárússon hafi sýnt tómlæti við sókn sakar þessarar.

Krafan um endurgreiðslu hluta víxilandvirðisins hefur af hálfu stefnanda ekki verið studd þeirri málsástæðu, að samningurinn um þóknun hafi verið ógildur. Hefði svo verið gert, má ætla, að gagnasöfnun og málflutningi hefði verið hagað með nokkuð öðrum hætti en gert var.

Þegar þau atriði öll, sem nú hafa verið rakin, eru virt, er að áliti dómarsins ekki unnt að taka til greina kröfuna um það, að til endurgreiðslu komi á hluta víxilláns þess, sem hér um ræðir. Ber því að sýkna stefnda að þessu leyti.

Skuldabréfið. Seint á árinu 1956, í desember að því er virðist, kom Grettir Lárússon með skuldabréf til stefnda. Var það að eftirstöðvum kr. 14.000.00, tryggt með veði í bifreið af gerðinni Pontiac, smíðaðri 1947, og átti að greiðast upp á árinu 1957.

Grettir segir svo frá atvikum, að hann hafi boðið stefnda bréfið til kaups og hafi stefndi boðið kr. 11.000.00 fyrir það. Því kveðst Grettir hafa hafnað og nefnt kr. 12.000.00 sem lágmark. Hafi ekki orðið úr kaupum, en bréfið legið hjá stefnda. Í þinghaldi í öðru dómsmáli hefur hann sagt, að það hafi verið til að stefndi gæti athugað, hversu gott það væri. Ekki fékk Grettir kvittun fyrir bréfinu. Grettir kveðst hafa óskað eftir að fá bréfið aftur, tveimur dögum eftir að hann kom með það til stefnda, en úr afhendingu þess varð þó ekki. Hinn 13. marz 1959 sagði Grettir fyrir dómi, að ekki hafi verið rætt um sölu á bréfinu, eftir að hann skildi það eftir hjá stefnda, en fyrir dómi 23. janúar 1958 hefði hann þó sagt, að við annað tækifæri hafi stefndi í máli þessu falast eftir bréfinu.

Grettir virðist hafa sagt föður sínum frá skuldabréfi þessu og aðiljar máls þessa rætt um það. Segir stefnandi í aðiljaskýrslu sinni, að stefndi hafi sagt, að bréfið væri lélegt. Einnig segir í aðiljaskýrslunni, að stefndi hafi í janúar 1957 sagt, að hann tæki bréfið á kr. 11.000.00, en stefnandi kveðst hafa mót-mælt því. Þá segir í skýrslunni, að stefndi hafi við þetta tækifæri sagt, að búið væri að greiða til sín kr. 3.000.00 inn á bréfið.

Í máli þessu eru fram komnar nokkrar skýrslur frá stefnda um bréf þetta. Fyrir sakadómi segir stefndi 21. febrúar 1957, að hann hafi ekki viljað kaupa bréfið, að svo stöddu, þegar Grettir kom með það til hans, enda þótt Grettir byði honum það á kr. 11.000.00. Hins vegar kveðst stefndi hafa tekið bréfið til geymslu og til að taka við afborgunum. Hafi skuldari greitt inn á það kr. 3.000.00 einhvern tíma í desember. Hinn 13. júní segir stefndi fyrir sakadómi, að hinn 28. desember 1957 hafi hann alls ekki verið búinn að kaupa skuldabréfið, heldur hafi hann aðeins geymt það, og hafi þá verið komnar inn á bréfið kr. 3.000.00. Hinn 9. september 1958 gaf stefndi skýrslu fyrir bæjarþinginu í máli, sem hann höfðaði gegn þeim feðgum Lárusi og Gretti. Þá sagði stefndi, að hinn 14. janúar 1957 hefði hann ekki verið búinn að kaupa veðskuldabréfið, og kveðst hann hafa boðið fyrir það 11.000.00 kr., en Grettir ekki viljað selja. Síðar á sama þingi sagði stefndi þó, að hann hefði haft „standandi tilboð“ um að kaupa bréfið á kr. 11.000.00. Á þessu sama þingi sagði stefndi, að sig minnti, að bréfið hefði verið greitt að fullu 18. eða 19. janúar með afslætti. Virðist stefndi hafa talið sig hafa haft heimild til afsláttarins vegna tilboðs um kaup á bréfinu fyrir kr. 11.000.00, en hann kvaðst ekki hafa haft sérstakt umboð til eftirgjafarinnar.

Í greinargerð sinni í máli þessu heldur stefndi því fram, að Grettir Lárusson hafi boðið honum skuldabréfið til kaups á kr. 11.000.00, og hann keypt það því verði. Hinn 6. apríl s.l. sagði stefndi fyrir dómi, að hann hafi í samræmi við upphaflegt samkomulag við Gretti keypt bréfið, þegar hann hafði rætt við skuldarana og talið sig sjá, að þeir hefðu getu til að greiða. Ekki fékkst upplýst, hvenær stefndi telur, að þetta hafi gerzt.

Í máli þessu er komið fram, að stefndi gaf skuldara bréfsins þrjár kvittanir. Sú fyrsta er dagsett 15. desember 1956 og er fyrir kr. 3.000.00. Tvær eru dagsettar 31. desember 1956, og er önnur fyrir kr. 3.000.00, en hin fyrir kr. 7.200.00 og árituð um 800.00 kr. afslátt vegna greiðslu fyrir gjalddaga. Við munnlegan mál-

flutning sagði stefndi, að dagsetning síðastnefndu kvittunarinnar væri röng, en af hálfu stefnanda var því mótmælt, að svo væri. Þó kom fram, að í öðru máli út af viðskiptum aðiljanna hefur verið lagt fram vottorð frá skuldaranum um, að dagsetningin væri röng, en ekki hefur það verið lagt fram í þessu máli, og af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að vottorðið væri rangt.

Í máli þessu hefur verið lagt fram ljósrit af skjali, sem af hálfu stefnanda er talið eftirrit af viðskiptamannabók stefnda, en stefndi sjálfur segir hluta af tilboði, sem hann gerði stefnanda í janúar 1957. Á skjal þetta eru skráðar upphæðir, varðandi viðskipti stefnda við stefnanda og son hans, og er þar m. a. færð 11.000.00 kr. innborgun og dagsett 15. desember 1956.

Í hinum munnlega málflutningi kom fram, að skuldabréf það, sem hér um ræðir, framseldi Grettir Lárusson ekki skriflega til stefnda. Stefndi hélt því fram, að hér hefði verið um handhafabréf að ræða, og hefði því ekki þurft áritun um framsalið, heldur hefði hin upphaflega afhending komið í hennar stað. Þessu var mótmælt af hálfu stefnanda.

Eins og fram kemur í því, sem nú hefur verið rakið, hefur Grettir Lárusson haldið því fram, að hann hafi aldrei selt stefnda skuldabréf það, sem um er að tefla. Er krafa hans á því byggð. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að Grettir Lárusson hafi ekki samþykkt þá 800.00 kr. eftirgjöf, sem stefndi veitti og að framan er að vikið. Beri stefnda því einnig að standa skil á því fé.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi keypt bréfið á kr. 11.000.00. Til vara krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 1.000.00 vegna bréfsins. „Varakraftan er gerð, ef svo skyldi fara, að mér mistækist að sanna kr. 11.000.00 boðið í stað 12.000.00 kr. verðsins, sem þeir feðgar játa“ segir í greinargerð stefnda.

Eins og fram kemur í því, sem að framan er rakið, hefur stefndi jafnan viðurkennt, að hann hafi ekki keypt veðskuldabréfið, um leið og hann fékk það afhent. Grettir Lárusson hefur haldið því fram, að hann hafi ekki selt stefnda bréfið, og hefur stefndi ekki sannað, að svo hafi verið, og stefndi hefur jafnvel einu sinni borið fyrir dómi, sbr. það, sem áður er rakið, að Grettir hafi neitað að selja bréfið á kr. 11.000.00. Verður því að telja, að stefndi hafi ekki keypt bréfið. Ekki hafði stefndi sérstakt samþykki til að veita þann 800.00 kr. afslátt, sem hann gaf skuldaranum. Ber

því að dæma hann til að greiða þá fjárhæð, svo að greiðsla hans vegna skuldabréfsins verður kr. 3.000.00, eins og krafizt er.

Úrslit þessa máls verða þá þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 3.000.00 og að auki vexti, 6% p. a. Þykir, eins og á stendur, bera að greiða þá frá 31. desember 1956, en þann dag er kvittun fyrir lokagreiðslu skuldabréfsins dagsett. Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir vera hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður, greiði stefnanda, Lárusi Salómonssyni lögregluþjóni, kr. 3.000.00 auk 6% vaxta p. a. frá 31. desember 1956 til greiðsludags og kr. 1.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. desember 1961.

Nr. 175/1960. **Sigurður Þorgeirsson**

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)

gegn

Júlíusi Björnssyni

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Lindal.

Um öflun gagna.

Dómur Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum færi á að afla skýrslna um atriði þau, er nú verða greind: